

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 32/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Niðurstaða endurskoðunarinnar, sem sameiginlega nefndin lét fara fram samkvæmt aðlögunarlið b) við tilskipun ráðsins 89/552/EBE í X. viðauka við samninginn, er að undanþágan, sem þar er fjallað um, skuli gilda áfram með frekari takmörkunum.
- 2) Samningsaðilar skulu láta nýja endurskoðun fara fram árið 2003.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar b) við tilskipun ráðsins 89/552/EBE í X. viðauka við samninginn:

„EFTA-ríkjunum er í sjálfsvald sett hvort þau gera kapalfyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæðum þeirra, skylt að rugla eða á annan hátt trufla auglýsingainnskot fyrir áfenga drykki í dagskrárliðum sjónvarpsstöðva sem eiga flesta áhorfendur sína í EFTA-ríki á EES. Í því skyni að meta hvort tiltekinn dagskrárliður eða auglýsingainnskot falli undir gildissvið þessa aðlögunarliðar ber að leggja áherslu á eftirtalda þætti, meðal annars:

- hvort útsendingin sé í reynd fyrst og fremst móttækileg í einu EFTA-ríkjanna á EES,
- hvort auglýstar vörur eða þjónusta sé fæanleg í móttökulandinu,
- hvort tungumál landsins, þar sem útsendingin er móttækileg, sé notað í viðkomandi dagskrárliðum eða auglýsingum,
- hvort vísað sé til eða minnst á sölustaði í móttökulandi í auglýsingunum,
- hvort verð sé gefið upp í gjaldmiðli móttökulands.

Ruglun eða önnur truflun á auglýsingainnskotum skal ekki hafa þau áhrif að takmarka endurútsendingu á hluta sjónvarpsefnis annars en auglýsingainnskota fyrir áfenga drykki.

Samningsaðilar munu endurskoða þessa undanþágu sameiginlega árið 2003.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik *E. Gerner*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.